

**Nr. 136 / 10 Marás****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7628  
Smíðaður: Noregi 2006, plast  
Stærð: 7,44 brl. 6,88 bt.  
Mesta lengd: 9,16 m Skráð lengd: 8,69 m  
Breidd: 2,94 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: Yanmar 154 kW, 2006  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. október 2010 var skemmtibáturinn Marás á siglingu á Breiðafirði. Veður: Gola.

Rétt fyrir utan höfnina í Stykkishólmi fór hitaviðvörðunarkerfi vélarinnar í gang og var hún stöðvuð. Óskað var eftir aðstoð og Hólmarinn SH dró bátinn til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að reim sem dreif rafal og sjódælu slitnaði. Við það gerði hún gat á hosu á kælivatnslögn og kælivatnið fór af vélinni;
- að ekki er ljóst hvers vegna reimin slitnaði en talið var að hún væri ekki gömul og reimahjól voru í lagi.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.